

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 575/2001 um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum.

1. gr.

Í stað orðanna 100.000 kr. í 1. mgr. 1. gr. kemur 300.000 kr.

2. gr.

Viðauki I við reglugerð nr. 575/2001.

*a. 45. gr. Ölvunarakstur*

Áukastöfum í töflu um vínandamagn í lofti fækkar um einn. Viðurlagaákvæði vegna ölvunaraksturs eru óbreytt að öðru leyti:

Vínandamagn í lofti mg/l	Sektir	Svipting
0.25 - 0.30	50.000	2 mán
0.31 - 0.37	50.000	4 mán
0.38 - 0.45	60.000	6 mán
0.46 - 0.55	70.000	8 mán
0.56 - 0.59	80.000	10 mán
0.60 - 0.75	100.000	12 mán

*b. 67. gr. Skoðun ökutækja og eftirlit*

Ákvæði um sektir vegna brota á 67. gr. fellur niður.

*c. 71. gr. Öryggisbelti*

Í stað tilvísunar í 5. mgr. er vísað í 6. mgr. sem orðast þannig:

6. mgr. Þess eigi gætt að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað skv. 1. - 4. mgr. 10.000

*d. 72. gr. Hlífðarhjálmur*

1. málsgrein orðist þannig:

1. mgr. Viðurkenndur hlífðarhjálmur ekki notaður. 5.000

3. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 4. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum sbr. lög nr. 84/2004 um breytingu á umferðarlögum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 14. október 2004.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnildur Hjaltadóttir.*